

Erindi til Lilju Alfreðs – 28. ágúst 24

Sveitarstjórar á Norðurlandi komu til fundar í vikunni til að ræða framtíð verkefna og fjármögnun Flugklasans Air 66N sem stofnaður var hjá Markaðsstofu Norðurlands árið 2011 í breiðu samstarfi ferðaþjónustunnar, ríkis, sveitarfélaga og stoðstofnana. Fjármögnun hefur komið frá þessum aðilum, að jafnaði um 24 mkr á ári ef horft er til síðustu 13 ára en ef horft er á síðustu 6 ár þá hefur verkefnið haft til umráða um 33 mkr á ári. Mikil samstaða er um að verkefninu þurfi að sinna enda ávinningur skýr fyrir ferðaþjónustuna, aðrar atvinnugreinar og lífsgæði íbúa. Fjármögnun verkefnisins er hins vegar óljós og hafa sveitarfélög á Norðurlandi vestra lýst því yfir að þar sé ekki til fjármagn í þessa vinnu enda ferðaþjónustan mjög veikburða.

Verkefnið hefur skilað árangri og eru viðfangsefnin nú gjörbreytt frá upphafsdögum þess. Mikilvægast er nú að sinna tveimur áherslum, annars vegar að ná inn fleiri flugfélögum og leiguflugsaðilum og hins vegar að tryggja vöxt þeirra félaga sem þegar hafa byrjað flug um Akureyrarflugvöll, easyJet, Edelweiss og Transavia með Voigt Travel og Kontigi. Með réttum stuðningi getum við fengið flug frá fleiri áfangastöðum ss Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku sem nú eru í skoðun. Isavia rekur stuðningskerfi á Keflavíkflugvelli sem ætti að vera fyrirmynd okkar á Akureyrarflugvelli þar sem vaxtarstuðningur til flugfélaga tekur við á eftir 3ja ára niðurgreiðslukerfi sem nýtt er til að fá flugfélög til að setja upp flug, færa það innan daga eða tímabila. Isavia í Keflavík gerir ráð fyrir að verja 1 milljarði króna á ári í þennan stuðning á næstu árum en hefur hæst farið í ríflega 2 milljarða árið 2023. Fjármagnið kemur úr rekstri Keflavíkflugvallar, annars vegar beinum flugtengdum tekjum og hins vegar tekjum af annarri starfsemi.

Til að sinna markaðssetningu og þróun á flugi um Akureyrarflugvöll óskum við eftir stuðningi þínum við Flugklasann Air 66N um 40 mkr á ári næstu 5 ár.

Stuðningurinn gerir okkur kleift að halda áfram vinnu við að auka verðmætasköpun í ferðaþjónustunni, hafa áhrif á þróun hennar á landinu með því að minnka árstíðarsveifluna og fá ferðamenn beint inn á Norðurland. Þannig fáum við ferðamenn sem dvelja lengur, ferðast víðar um allt svæðið og koma á öðrum tíma en háannatíma auk þess sem þeir kaupa meiri þjónustu. Tækifæri skapast til aukinna fjárfestinga á svæðinu, vöruþróunar og nýsköpunar eins og þegar hefur sést verða til í tengslum við það flug sem hefur náðst.